

2022-05-23

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Brú lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2022 vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

“34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. Bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundradshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Bæjarstjórn ákveður hundradshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Stuðst er við upplýsingar úr samantekt Vigfúsar Ásgeirssonar varðandi árin 1963-2015 um greiðslu iðgjalda og lífeyris þau ár, og ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar árið 2017 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2018-2021 um greiðslu iðgjalda, og lífeyris og kostnaðar árin 2016-2021. Kostnaður árána 2015 og fyrir en reiknaður miðað við meðalhluftfall kostnaðar af iðgjöldum og lífeyri árin 2016-2017. Nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall er svo reiknað miðað við þessar upplýsingar og forsendur og niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2021. Er niðurstaðan að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum reiknist nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall samkvæmt þessu ákvæði **71%**.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson